

**Ed.**

**393. Breytingartillögur**

**[57. mál]**

við frv. til l. um orlof húsmæðra.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Fé orlofssjóðs skal fengið með þessum hætti:

1. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð, sem svarar til minnst 10 kr. fyrir hverja húsmóður á landinu.
2. Með framlögum bæjar- og hreppfélaga.
3. Með framlögum kvenfélaga og kvenfélagasambanda.
4. Með gjöfum, áheitum og öðrum þeim hætti, sem orlofsnefndum og kvenfélögum þykir henta.

Framlögum samkvæmt 1. lið skiptir félagsmálaráðuneytið milli orlofssvæða með hliðsjón af mótfamlögum samkvæmt 2., 3., og 4. lið.

2. Við 5. gr. 2. málsg. orðist svo:

Geyma má fé orlofssjóðs milli ára, ef ástæða þykir til.